

Heiti mælikvarða: Staða auðlinda háhitavirkjana

Svið: Orka náttúrunnar (ON)

Árangursvog: Umhverfi og samfélag

Markmið: Að auðlindir háhitavirkjana séu nýttar af ábyrgð

Tíðni mælinga: 2x á ári í kjölfar aflmælinga- og gufuspáa

Hvert er markmiðið:

Að auðlindir Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjana séu nýttar af ábyrgð þannig að forði og aðgangur séu tryggð til a.m.k. næstu 30 ára í raforkuframleiðslu og næstu 100 ára í heitavatsframleiðslu.


Skilgreining á mælikvarða :

Þróun OR fer yfir vinnsluskýrslur Hellisheiðar og Nesjavalla ásamt niðurstöðum aflmælinga og dvínunarspáa fyrir svæðin í mars og ágúst ár hvert. Skoðaður verður hiti, þrýstingur, vatnsborð, vermi, efnainnihald og staða vatnsból og metið hvort auðlindir standi undir framleiðslu til a.m.k. næstu 30 ára í rafmagni og næstu 100 ára í heitavatsframleiðslu. ON og Þróun sjá til þess að gögn séu tiltæk í hvert sinn. Gefin verður einkunn fyrir hvern stika til samræmis við eftirfarandi töflu:


Einkunnir allra stika fyrir hvora virkjun eru birt á kóngulóarriti sbr. dæmi hér að neðan. Markmiði mælikvarðans er náð ef einkunn allra stika er 5. Ef einkunn er lægri verða skilgreind verkefni til úrbóta.

	5 – góð staða	3 – varhugaverð staða	1 – alvarleg staða
Vermi	Vegið meðalvermi hærra en 1400 kJ/kg og árlegar breytingar minni en 50 kJ/kg	Vegið meðalvermi lægra en 1400 kJ/kg eða árlegar breytingar meiri en 50 kJ/kg	Vegið meðalvermi lægra en 1400 kJ/kg og árlegar breytingar meiri en 50 kJ/kg
Vinnsluþéttleiki	Massavinnsla minni en 200 kg/s/km ² og meðalmassavinnsla á svæðinu minni en 50 kg/s/km ²	Massavinnsla meiri en 200 kg/s/km ² eða meðalmassavinnsla á svæðinu meiri en 50 kg/s/km ²	Massavinnsla meiri en 200 kg/s/km ² og meðalmassavinnsla á svæðinu meiri en 50 kg/s/km ²
Þrýstiniðurdráttur	Árlegur niðurdráttur í eftirlitsholum minni en 1,5 bar	Árlegur niðurdráttur meiri en 1,5 bar í einni eftirlitsholu	Árlegur niðurdráttur meiri en 1,5 bar í tveimur eftirlitsholum eða fleiri
Hiti í kerfinu	Árleg kólnun í eftirlitsholum minni en 1°C og árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár minni en 1°C	Árleg kólnun í eftirlitsholum meiri en 1°C eða árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár meiri en 1°C	Árleg kólnun í eftirlitsholum meiri en 1°C og árleg meðalkólnun kvars-hitamælis s.l. 5 ár meiri en 1°C
Áhrif niðurdælingar	Niðurdæling á sér stað án neikvæðra áhrifa á auðlind og umhverfi/samfélag.	Niðurdæling veldur neikvæðum áhrifum á auðlind eða umhverfi/samfélag.	Niðurdæling hefur neikvæð áhrif á auðlind og umhverfi/samfélag.
Staða vatnsból	Gæði, forði og aðgengi tryggð til langrar framtíðar	Líkur eru á að vinnsla sé of ágeng, gæði vatns hafa minnkað eða vatnsbólum stafar ógn af framkvæmdum, starfsemi eða umferðar	Vatnsból stendur ekki undir núverandi vinnslu til framtíðar eða viðvarandi gæðavandamál
Forði til 10 ára	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi undir sér til 10 ára að teknu tilliti til fyrirliggjandi aðgerða í orkuöflun og niðurdælingu	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi ekki undir sér eða að fyrirliggjandi aðgerðir í orkuöflun og niðurdælingu dugi ekki til að bæta úr stöðunni	Spáreikningar gefa til kynna að núverandi vinnsla standi ekki undir sér og að fyrirliggjandi aðgerðir í orkuöflun og niðurdælingu dugi ekki til að bæta úr stöðunni
R&Þ verkefni til framtíðar	Verkefni eru skilgreind, unnið skv. áætlun sem horfir til 10 ára og lengur og fjármagn tryggt	Verkefni sem horfa til 10 ára og lengur eru skilgreind en ekki hafin og fjármagn ekki tryggt	Verkefni sem horfa til 10 ára og lengur eru ekki skilgreind, ekki hafin og fjármagn ekki tryggt

Staða auðlinda háhitavirkjana 2017 - Helligreiðavirkjun



Staða auðlinda háhitavirkjana 2017 - Nesjavallavirkjun



Birting og vistun upplýsinga

Birting: Lagt árlega fyrir stjórn OR en tvisvar á ári fyrir stjórn ON

Vistun: Skjalakerfi OR

Gagnaöflun, vinnsla og geymsla

Grunngögn: Vinnsluskýrslur Þróunar OR, gögn í DMM, kerfiráðum og EYK, niðurstöður reglubundins eftirlits, gufuspár, niðurstöður spáreikninga, forðastýringaráætlanir, samþykktar áætlanir í orkuöflun og niðurdælingu.

Úrvinnsla: Þróun og Auðlindir ON

Ábyrgðarmenn

Ábyrgðarmaður endurskoðunar / úreldingar:
Framkvæmdastjóri Þróunar OR

Umsjónarmaður mælinga:
Framkvæmdastjóri Þróunar OR